

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af farsímum (bílasímum) sem tollafgreiddir verða árið 1985.

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalbúnaði, sleða (kassette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Skilyrðis 2. mgr. i. f. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugeymslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að í sendingu eða úttekt úr tollvörugeymslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílsímaþjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.

3. gr.

Nú er búnaður skv. 1. og 2. gr. fluttur inn til endursölu og er hann þá undanþeginn sölugjaldi við sölu.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lið 3.23 í 6. gr. fjárlaga 133 31. desember 1984 og lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður á Þórsgötu verða bannaðar utan sérstaklega afmarkaðra bifreiðastæða. Bifreiðastöðubann að norðanverðu við götuna fellur úr gildi.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. þ. m.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 7. febrúar 1985.

Sigurjón Sigurðsson.